

Útivistarstígur á Kársnesi

– Rýni á valkostum



ûrbana + P/ÁSS

Að beiðni deildarstjóra gatnadeildar Kópavogsbæjar var unnin rýni á valkostum fyrir endurbótum á útivistarstíg um sunnanvert Kársnes. Rýnin var unnin af Hrafnkeli Á. Proppé, skipulagsfræðingi hjá Úrbana, og Eddu Ívarsdóttur, borgarhönnuði hjá Pláss. Báðir ráðgjafar hafa umfangsmikla reynslu í undirbúningi framkvæmda fyrir vistvænar samgöngur m.a. verkefni sem falla undir samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Verkefnið snýr að því að greina fimm valkosti sem lagðir hafa verið fram í greinargerð frá Umhverfissviði Kópavogs, og meta þá með hliðsjón af notagildi og samspili við ólíka notendahópa. Greiningin tekur einnig mið af stefnu Aðalskipulags Kópavogs 2019–2040, þar sem lögð er áhersla á að styrkja innviði fyrir virka ferðamáta og tryggja aðgengi og öryggi fyrir alla notendahópa.

Stígurinn sem til umfjöllunar er tenging á milli Bakkabrautar og Urðarbrautar og er hluti af fyrirhuguðum stofnstígakerfum höfuðborgarsvæðisins. Hann mun tengjast Fossvogsbrúnni sem þegar er í byggingu og á að tengja Kársnes við Hlíðarenda. Leiðin sem um ræðir er nú um 1.200 metrar stígur sem er að mestu leiti einfaldur blandaður stígur. Með tilkomu Fossvogsbrúar er gert ráð fyrir verulega aukinni umferð gangandi og hjólandi vegfarenda. Mikilvægt að sú lausn sem valin verður endurspegli framtíðarþörf fyrir örugga og greiða samgönguæð sem tekur tillit til nærumhverfis síns. Í því fellst að tryggja að notagildi stígsins fyrir alla hópa aukist eða skerðist ekki frá því sem nú er, hvort sem farið er um stíginn gangandi, hjólandi eða hlaupandi.

Rýnin fór fram í mars og apríl 2025 og byggði á eftirfarandi:

- Fundi með deildarstjóra gatnadeildar
- Fyrirliggjandi gögnum frá Kópavogsbæ, greinargerð um valkosti og öryggisrýni sem unnin var af Vegagerðinni
- Vettvangsferðum

Báðir ráðgjafar eru vel kunnugir svæðinu, bæði faglega og sem notendur, og byggja mat sitt á samanburði valkosta út frá aðgengi, öryggi, góðri hönnun, framkvæmdaleiðum og upplifun notenda.

Niðurstaða og rökstuðningur

Mat ráðgjafa er að **valkostur 2**, tvöfaldur stígur á landi meðfram strandlínunni besti kosturinn. Þessi valkostur er í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019–2040 um að bæta aðgengi og öryggi fyrir alla notendahópa, sem og að styrkja innviði fyrir virka ferðamáta. Kostir þessarar lausnar eru:

- Skýr aðgreining milli hjólandi og gangandi
- Samfelld lausn án þrengsla
- Bætt öryggi í samræmi við öryggisrýni
- Góð þjónustuhæfni, sérstaklega að vetri til

Þessi valkostur fylgir náttúrulegu leiðarvali hjólafélks og með góðri útfærslu fyrir gangandi allt árið um kring. Markmið um aðskilda notkun þessara hópa er því líklegast að nást með valkosti 2.

Helstu áskoranir tengjast þeim kafla þar sem grjótvarin strandlína þrengir að stígnum og þar sem lóðir íbúða hafa verið stækkaðar yfir lóðamörk. Þessar aðstæður kalla á nákvæma hönnun og hugsanlegar breytingar á afmörkun lóða. Einnig þarf að huga að því að hjólaein útivistarstígsins liggur sums staðar þétt upp að stoðveggjum sem gæti þrengt sjónlínur og kallað á að gripið verði til hraðatakmarkandi aðgerða. Slíkt gæti þó einnig haft jákvæð áhrif á upplifun og öryggi. Í samræmi við stefnu aðalskipulags Kópavogs um að bæta tengingar við útivistarsvæði, er jafnframt mikilvægt að skoðaðar verði möguleikar á að bæta aðgengi að fjörunni á þeim stöðum þar sem slíkt er framkvæmanlegt, til að styðja við fjölbreytta notkun og aukið notagildi stígsins.

Aðrir valkostir kalla á umtalsverðar áskoranir, bæði hvað varðar öryggi, aðgengi og notendareynslu, og eru ekki líklegir til að ná því markmiði að halda umferð gangandi og hjólandi sem mest aðgreindri.

Nánari er greint frá niðurstöðum rýni á hverjum valkosti í meðfylgjandi greinargerð. Þar er farið yfir hvern valkost og lagt mat á hvort markmiðið um aðskilda umferð gangandi og hjólandi sé líklegt að nást. Samkvæmt Aðalskipulagi Kópavogs 2019–2040 er útivistarstígurinn á sunnanverðu Kársnesi skilgreindur sem hluti af stofnstíganeti hjóleiða í Kópavogi (sjá mynd). Því er mikilvægt að valin lausn styðji við þau markmið sem sett eru fram í aðalskipulaginu um öruggar, greiðar og þjónustuhæfar leiðir fyrir alla notendahópa.



Mynd 5-15 í aðalskipulagi Kópavogs 2019 – 2040. Stofnstíganeti hjóleiða í Kópavogi.

Greinargerð

Rýni á valkostum um endurbætur á útivistarstíg um sunnanvert Kársnes

Rýnd er valkostagreining fyrir útivistarstíg um sunnanvert Kársnes í Kópavogi.

Stígurinn er hluti af samgöngustígum höfuðborgarsvæðisins og mun spila veigamikið hlutverk í samgöngunetinu þegar að Fossvogsbrúin Alda verður fullbyggð.

Um er að ræða valkosti sem miða að því að bæta aðstæður fyrir hjólandi og gangandi milli Bakkabrautar til norðurs og meðfram Kópavogi í átt að Kópavogsdal, sem tryggir áfram gott aðgengi að fjörunni meðfram stígnum.

Nú þegar er stígurinn tvöfaldur að hluta en eftir standa um 1.800m af einföldum stíg. Markmiðið með verkefninu er tvíþætt. Annars vegar að efla stígakerfið til þess að geta tekið á móti þeirri umferð sem þegar fer um stígin og vaxandi umferð eftir að brúin er byggð. Hins vegar að tryggja að notagildi og öryggi stígsins skerðist ekki við aukna umferð notenda.

Leiðin sem þarfnast breytinga er um 1.200m að lengd frá Bakkabraut að Urðarbraut.

Rýndir eru fimm valkostir.

1. Tvöföldum stígs á landi með göngubryggju
2. Tvöföldum stígs á landi alla leið
3. Hjólandi beint um Urðarbraut og Borgarholtsbraut en gangandi um sjávarstíg, eða 3a - hjólandi um Kópavogsbraut í stað Borgarholtsbrautar, eða 3b þar sem hjólandi færu Þinghólsbraut í stað Borgarholtsbrautar.
4. Hjólandi beint um Sunnubraut en gangandi um Ströndina.
5. Stígur tvöfaldaður nema á 300m kafla.

Valkostur 1

Tvöföldum stígs á landi með göngubryggju (1.200m)

Stígnum er skipt í 3 ólík svæði. Þar sem núverandi tvöföldun endar er lagt til að stígurinn verði breikkaður og gangandi nýti þá stíg sem liggur nær sjó. Stígurinn verði aðgreindur með kantstein eða málningu. Æskilegra væri að velja hér kantstein til aðgreiningar þar sem máluð lína virkar oft þannig að hjólreiðafólk eykur hraðann en kantsteinninn hefur þau áhrif að hjólandi hægja frekar ferðina. Þar sem gönguleiðir þvera útivistarstígin er jafnframt lagt til að málaðar verði gangbrautir á stígin sem verði merktar vel með skiltum til að tryggja að hraði hjólandi vegfarenda verði hóflegur.

Annar hluti stígsins er aðgreindur hjóla og gangstígur. Hér verður að huga vel að landhalla en þar sem hjólastígurinn rennur upp í hliðina í dag er talsverður halli og ekki víst að þessi leið sé góð fyrir hjólandi. Þetta væri gott að sjá í sniði.

Þriðji hluti stígsins er þar sem núverandi stígur er nýttur fyrir hjólandi en göngubrá er lögð meðfram fjörunni. Þó göngubrúin sé vissulega falleg og skemmtileg ásjónu eru við hana margir ókostir.

1. Viðhald og snjómokstur eru erfið viðfangs á svona brú. Bæði er ágangur sjávar og líklegt að þetta verði hált og þá verður að handmoka þar sem erfitt verður að koma ruðningstækjum að og eftir brúnni.
2. Brúin er háð samþykkis Umhverfisstofnunar.
3. Brúin heftir í raun leið fólks niður að ströndinni.
4. Milli brúar og stígs rís upp grjótvörnin sem nú er jaðar á stíg. Þetta veldur því að erfitt er að komast með góðum hætti milli stíga og enn fremur getur þetta valdið slysum.

Tillaga er um að við stíginn verði útbúinn áningarstaður sem skagar út fyrir grjótvörn. Þetta er skemmtileg hugmynd sem mætti útfæra með öðrum valkostum.

Huga þarf sérstaklega að sjónlengdum þar sem stígur sem liggur neðan frá Kópavogsvör kemur inn á hjólastíginn en þetta á við þá valkosti sem fara meðfram ströndinni.

Síðasti hlutinn er aftur tvöfaldur stígur á landi sem er ágætiskostur. Hins vegar mætti gjarnan framlengja þennan hluta alla leið að Bakkabraut.

Það eru miklar líkur á að gangandi vegfarendur noti hjólastíginn á snjóadögum og þannig náist ekki að fullu markmiðið um aðgreinda strauma gangandi og hjólandi.



Valkostur 1- bryggjulausn

Valkostur 2

Tvöföldum stígs á landi alla leið (1.200m)

Hér er stígurinn tvöfaldaður alla leið meðfram sjónum. Þessi lausn leysir með besta móti þær kröfur sem varðar gæði, breiddir, viðhald og þjónustu útivistarstígsins.

Þar sem stígurinn kvíslast í sundur neðan Urðarbrautar þarf að skoða vel halla og hvernig hjólastígurinn sveigist upp á við. En þetta hefur þann kost að núverandi dvalarsvæði er óhindrað beint af göngustíg.

Helsta áskorunin við þennan valkost er að margar lóðir hafa flætt yfir á bæjarland og þarf að fara í aðgerðir við að koma lóðamörkum á sinn rétta stað.

Þá er hæðarmunur mikill á svæðinu og hætt við því að hjólastígurinn verði ansi þétt upp við stoðveggi lóðanna. Þetta hins vegar gæti þetta haft þau áhrif að hjólreiðafólk hægi ferðina á þessum stað.

Hér vantar áfangastað sem skagar út yfir grjóthleðsluna. Það væri ánægjulegt ef hægt væri að nýta bryggjulausn á áfangastað úr valkosti 1 til að auka virði valkostarins.

Þessi valkostur er langlíklegastur til að ná markmiði um aðgreinda strauma gangandi og hjólandi og báðir hópar noti þann stíg sem þeim er ætlaður.




Valkostur 2 – tvöföldum stígs á landi

Valkostur 3

Hjólandi beint um Urðarbraut og Borgarholtsbraut en gangandi um sjávarstíg (1.500m)

Það er ekki ólíklegt að einhver hjólandi muni hjóla Borgarholtsbrautina en hallinn þar mun virka fráhrindandi á mörg. Þá munu þau sem velja þessa leið að öllum líkindum ekki vera á leið inn í Kópavogsdal eða í Garðabæ eða Hafnarfjörð. Með því að velja þessa leið er bæði verið að velja meiri bratta og enn fremur verið að lengja leiðina um ca 300m.

Bæði hallinn og fjöldi innkeyrsla á leiðinni munu valda því að meginþorri hjólreiðafólks muni velja strandstíginn fram yfir þessa lausn.




Valkostur 3 – Hjólandi um Urðarbraut og Borgarholtsbraut

3a - hjólandi um Kópavogsbraut í stað Borgarholtsbrautar (1.400m)

Hér er aftur verið að lengja leiðina um 200 m og senda hjólreiðafólk bæði í meiri halla og í umferð. Allar líkur eru á því að flest muni áfram kjósa strandleiðina.

Þá krefst þessi útfærsla þess að fjöldi bílastæða verði fjarlægð og það mun valda einhverjum núningi milli íbúa og bæjar.

Ef þessi leið verður hins vegar valin eru allar líkur á að hjólréiðafólk muni síður velja að beygja niður Urðarbrautina en kjósa frekar að halda áfram Kópavogsbrautina að enda og niður Kópavogstún til að sameinast þar strandstíg og stíg út í Kópavogsdal, Garðabæ og Hafnarfjörð. Því væri ráðlegt að bæta við stígum út alla Kópavogsbraut ef þessi valkostur verður valinn. (Það er ekki slæmt að hjóla Kópavogsbraut, en fólk kys samt líklega frekar ströndina vegna þeirra gæða sem nálægðin við hafið gefur)




Valkostur 3a- hjólaleið um Kópavogsbraut í stað Borgarholtsbrautar.

3b þar sem hjólandi færu Þinghólsbraut í stað Borgarholtsbrautar. (1.350m)

Þinghólsbrautin er róleg íbúagata þar sem er talsverður hliðarhalli og einkennist gatan af stoðveggjum til norðurs og innkeyrslum í bílastæði til suðurs. Það verður miklum vandkvæðum bundið að skapa þar hjólavænt umhverfi. Bæði þarf að fjarlægja talsvert magn bílastæða og hjólréiðafólki mun stafa hætta af inn og útkeyrslum sem eru eftir allri götunni í sína hvora áttina.

Þessi valkostur og tilbrigði hans er ekki líklegur til að ná því markmiði að aðgreinda strauma hjólandi og gangandi. Miklar líkur eru að stór hluti hjólandi haldi sig við strandstíginn sem ætlaður er gangandi.



Valkostur 3b – hjólaleið um Þinghólsbraut í stað Borgarholtsbrautar.


Valkostur 4

Hjólandi beint um Sunnubraut en gangandi um Ströndina.

Þessi leið gæti virst góð ef hjólandi eru á leið í austurátt en allar líkur eru á því að flest ef ekki öll myndu velja að halda áfram meðfram ströndinni í leið til vesturs.

Að beina hjólandi þessa leið virðist mjög ónáttúrulegt í flæðinu. Sunnubrautin er vissulega róleg gata en það þyrfti þó umtalsverðar breytingar á henni til að hún gæti talist góð hjólagata. 90 gráðu beygjur eru þá alltaf fráhrindandi sér í lagi þar sem strandleiðin liggur beinast við. Þá er viss áhættupunktur við gatnamót Kópavara og Sunnubrautar þar sem er hlykkur á götunni og akandi munu upplifa ákveðin forgang.

Þessi valkostur er ekki líklegur til að ná því markmiði að aðgreina strauma hjólandi og gangandi. Miklar líkur eru að stór hluti hjólandi haldi sig við strandstíginn sem ætlaður er gangandi.



Valkostur 4 – hjólandi beint um Sunnubraut að hluta

Valkostur 5.

Stígur tvöfaldaður nema á 300m kafla.

Þessi valkostur er einhverskonar millilending á valkosti 2. Það gæti hins vegar reynst erfitt að stilla hraða hjóla og gönguhraða á þessum litla kafla og því væri alltaf betra að stígurinn haldist tvöfaldaður alla leið. Ekki er ráðlagt að gera yfirborð ójafnt en það getur skapað fallhættu sér í lagi fyrir þau sem ferðast á rafhlaupahjólum.



Valkostur 5 – stígar sameinast á 300 m kafla.

Niðurstaða

Mat ráðgjafa er að **valkostur 2** sé besti kosturinn fyrir virkar samgöngur á svæðinu. Sú leið er með rökrétt flæði og myndi líklega vera sú leið sem færstar hindranir myndi mæta hjólandi og gangandi. Valkostir eftir gatnakerfinu munu bæði verða með miklum hindrunum vegna bílastæða, innkeyrslna og almennrar umferðar. Bryggjulausn í valkost 1 er skemmtileg og falleg en verður alltaf erfið í útfærslu og viðhaldi. Lagt er til að dvalarsvæði í þeirri tillögu verði útfært með valkosti 2 til að bæta við upplifun á leiðinni.

Í ljósi þessa leggjum við eindregið til að valkostur 2 verði valinn sem framtíðarlausn fyrir útivistarstíginn á sunnanverðu Kársnesi.

Samanburðartafla

Í eftirfarandi samanburðartöflu yfir valkosti er stutt samantekt á mati á lykilþáttum, sem sýna styrkleika og veikleika hvers valkostar.

Matsþáttur	Valkostur 1	Valkostur 2	Valkostur 3	Valkostur 4	Valkostur 5
Útfærsla stígs	Göngubryggja og malbikaður hjólastígur	Tvöfaldur malbikaður aðgreindur stígur.	Hjólandi um götur, gangandi með strönd	Hjólandi um Sunnubraut, gangandi með strönd	Malbikaður stígur, óaðgreindur á kafla
Aðgengi	Mögulega heft aðgengi að fjöru	Gott aðgengi, tenging við fjöru möguleg	Skerðing að fjöru og notkunarupplifun	Óeðlilegt flæði, takmarkað aðgengi að fjöru	Þrengsli á hluta leiðarinnar
Öryggi	Tíðar þveranir og blöndun notenda í hálku auka áhættu	Skýr aðgreining, þarf að huga að sjónlínunum	Fjöldi innkeyrsla og mikill halli	Beygjur og forgangsóvissa skapa áhættu	Árekstrarhætta á sameiginlegum kafla
Þjónusta	Mikið viðhald, erfið vetrarþjónusta	Auðvelt viðhald og vetrarþjónusta	Vetrarþjónusta ekki sniðin fyrir stígotkun	Hætta á ósamræmi í vetrarþjónustu.	Auðvelt viðhald og vetrarþjónusta
Upplifun og notagildi	Áhugaverð upplifun, notagildi brotakennt	Náttúrulegt flæði og fjölbreytt notagildi	Fáir hjólandi munu velja þessa leið	Ónáttúruleg leið fyrir hjólandi	Lakari upplifun og notkun í þrengingum
Áhrif á nærumhverfi	Timburdekk fellur vel að náttúru	Krefst úrbóta á lóðamörkum	Breyting núverandi notkun gatna.	Breyting á notkun í Sunnubraut.	Minni áhrif, en dregur úr samfellu
Samræmi við aðalskipulag	Í samræmi við stofnstíganet	Í samræmi við stofnstíganet	Ekki í samræmi við stofnstíg	Ekki í fullu samræmi við stofnstíg	Ekki í samræmi við aðgreindan stíg.
Aðgreining gangandi- og hjólandi	Gangandi nota hjólastíg í hálku	Straumar haldast aðgreindir	Stór hluti hjólandi nýtir göngustíg með ströndinni	Stór hluti hjólandi nýtir göngustíg með ströndinni	Ófullnægjandi aðgreining á 300 m kafla.